

AUGLÝSING

um deiliskipulag sjóbaða við Húsavík og breytt deiliskipulag athafnasvæðis (A3) og hafnarsvæðis (H5) á Húsavík, Norðurþingi.

Sjóböð og hótel við Húsavíkurhöfða.

Á fundi sveitarstjórnar Norðurþings 20. október 2015 var samþykkt tillaga skipulags- og byggingarnefndar að deiliskipulagi sjóbaða á Húsavíkurhöfða við Húsavík. Skipulagið er sett fram á einu blaði í blaðstærð A2 auk greinargerðar í A4 hefti. Á deiliskipulagssvæðinu er gert ráð fyrir byggingarlóðum fyrir sjóböð og hótel auk svæðis fyrir aðkomu og bílastæði.

Athafnasvæði (A3) og hafnarsvæði (H5) á Húsavík.

Á fundi sveitarstjórnar Norðurþings þann 26. apríl 2016 var samþykkt tillaga skipulags- og umhverfisnefndar að breytingu deiliskipulags athafnasvæðis (A3) og hafnarsvæðis (H5) á suður-hafnarsvæði Húsavíkur. Deiliskipulagið er sett fram á upprætti í blaðstærð A1 auk greinargerðar í A4 hefti. Breyting deiliskipulagsins felur í sér gagnera endurskoðun byggingarréttar, afmarkana lóðar og gatnakerfis. Ennfremur felur breytingin í sér tilfærslu á farvegi Búðarár til sjávar. Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi eldra deiliskipulag sama svæðis frá mars 1999.

Deiliskipagstillögurnar hafa hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Húsavík, 19. júlí 2016.

Gaukur Hjartarson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 3. ágúst 2016